

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Gjafasjóð til fátækra barna, sem ganga í barnaskóla Akureyrar«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 2. september 1913. 95
2. sept.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir „Gjafasjóð til fátækra barna, sem ganga í barnaskóla Akureyrar“.

1. gr.

Sjóðurinn, sem er stofnaður af gjöf kaupmanns Chr. Johnason, heitir »Gjafasjóður til fátækra barna, sem ganga í barnaskóla Akureyrar«.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er 3000 — þrjú þúsund — krónur í veðdeildarbrjefum Landsbankans. Verði eitthvað af brjefum sjóðsins dregið út til innlausnar, skal jafnan kaupa nýtt í staðinn. Vinnist sjóðnum fje við breytinguna, skal það lagt við höfuðstólinn og ávaxtað í sparisjóði, þangað til það nægir til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef. Leggist veðdeildir Landsbankans niður, skal stjórnandi sjóðsins kaupa jafntrygg verðbrjef. Á sama hátt skal ávaxta afgangsvexti, sbr. 3. gr.

3. gr.

Af hvers liðandi árs vöxtum, sem falla í gjalddaga 2. janúar og 1. júlí, skal verja 120 krónum til fatnaðar og klæða handa 4 fátækustu börnum, sem eiga heima á Akureyri og ganga í barnaskóla Akureyrar, 30 kr. til hvers. Afgangur vaxtanna leggist við höfuðstólinn.

4. gr.

Pegar sjóðurinn er orðinn 4000 krónur, skal fimta barnið fá 30 kr. styrk til fatnaðar og klæða, og jafnan skal bæta einu barni við, er sjóðurinn hefir vaxið um fullar þúsund krónur.

5. gr.

Sóknarpresturinn á Akureyri og forstöðumaður (kona) barnaskólans þar, skulu árlega fyrir jól úthluta styrknum, og annast um útvegum og afhendingu fatnaðarins; þeir ákveða einnig í samráði við foreldra eða forráðamenn barnanna, hvaða plögg hverju barni skuli hlotnast. Það eitt er skilyrði fyrir styrknum, auk fátæktar sem fyr segir, að börnin sjeu komin af heiðarlegum foreldrum.

95

2. sept.

6. gr.

Meðan landritari Klemens Jónsson er á lífi, skal hann hafa yfirstjórn sjóðsins á hendi, þ. e. geyma verðbrjefin, annast um afhendingu vaxtanna í tæka tíð, semja árlegan reikning sjóðsins og annast um birting hans á þann hátt, sem hann telur við eiga o. s. frv. Að honum látnum skal bæjarfógetinn á Akureyri hafa yfirstjórn sjóðsins á hendi.

7. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 21. ágúst 1913.

Chr. Johnason.

Samþykt

96

19. sept.

um viðhald fyrirhleðslunnar fyrir Markarfljót hjá Seljalandi.

Sýslunefndin í Rangárvallasýslu hefir, samkvæmt lögum 20. desbr. 1901, um samþyktir til varnar skemdum af vatnaágangi, um vatnsveitingar og um skurði, samið og hjeraðsfundur fallist á eftirfarandi

samþykt

um viðhald fyrirhleðslunnar fyrir Markarfljót hjá Seljalandi.

1. gr.

Hreppsnefndin í Vestur-Eyjafjallahreppi hefir á hendi umsjón og eftirlit á árlegu viðhaldi fyrirhleðslunnar. Skulu til árlegs viðhaldskostnaðar teljast þær skemdir á henni, sem kosta 150 kr. eða minna. En kostnaður, er meiru nemur, skal teljast til endurbyggingar.

2. gr.

Hver, sem verður var við, að skemdir hafi orðið á fyrirhleðslunni, skal tafarlaust tilkynna það oddvita hreppsnefndarinnar. Skal hann þá kveðja hreppsnefndarmennina til ráða með sjer um það, hvort mögulegt sje að gjöra þá þegar við skemdirnar og á hvern hátt.